

17. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

10. mars kl. 15.00

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Björgvin Ólafsson (H) í forföllum Unnsteins Eggertssonar. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Halla Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Kolbrún Haraldsdóttir, sérkennslustjóri, Margrét Sævarsdóttir í forföllum Steinunnar Lilju Svövdóttur, fulltrúi foreldraráðs.

Unnsteinn Eggertsson og Einar Bjarnason fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðuðu forföll.

Elsa Ingjaldsdóttir ritaði fundargerð í forföllum Unnsteins.

Dagsskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Skóladagatal
3. Kennslueldhús – aðbúnaður og aðstaða
4. Skólasel- innsent erindi frá foreldrum dags. 22. feb.
5. Til upplýsinga/umræðu/ályktunar :
 - a) Úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings – Skýrsla frá HA
 - b) Skólaþing sveitarfélaga 21. febrúar – 21. mars

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri fór yfir starfið og verkefni frá síðasta fundi. Mikið álag hefur verið vegna Covid, mikið um afleysingar. Ennþá er verið að senda smitaða nemendur heim og starfsfólk enn að veikjast. Veturinn hefur því verið mjög óhefðbundinn en nú er horft til bjartari tíma. Jafnframt hrósar Jóhanna starfsfólki fyrir að mæta þessum áskorunum með jákvæðni og dugnaði. Skólanefnd þakkar stjórnendum og starfsfólki skólans fyrir að mæta þessum krefjandi aðstæðum með jákvæðni að leiðarljósi.

2. Skóladagatal Flúðaskóla 2022-23

Skólastjóri fór yfir framlagt skóladagatal. Málið rætt. Skólanefnd samþykkir skóladagatalið. Í skóladagatalinu kemur fram að Réttardagurinn 9. september er skóladagur nemenda.

3. Kennslueldhús – aðbúnaður og aðstaða

Lagður fram tölvupóstur frá oddvita dags. 23. febrúar sem ma. var sendur skólanefnd. Mjög aðkallandi er að leysa úr húsnæðisvanda kennslueldhússins enda hefur núverandi kennslueldhúsi verið lokað. Ljóst má vera að úrlausn verði að vera skjótvirk og því janfvel tímabundin.

Ræddir voru ma. tveir kostir. Annars vegar að innréttu loftið yfir áhaldageymslu íþróttahússins undir skólaeldhús og hins vegar að koma upp lausri stofu/stöðuhýsi undir starfseminu.

Skólanefnd hvetur sveitarstjórn til að kostnaðarmeta báða þessa kosti og taka ákvörðun út frá því. Ítrekar skólanefnd að aðstaða fyrir kennslueldhús þurfi að vera klár fyrir næsta haust.

4. Skólasel- innsent erindi frá foreldrum dags. 22. feb.

Lagður fram tölvupóstur dags. 22. febrúar frá Sigfríð Lárusdóttur, sem er áskorun til skólanefndar og sveitarstjórnar að starfrækja Skólasel út júní.

Skólastjóri upplýsti nefndarmenn um rekstrarfyrirkomulag skólasels vs. skólans en umrætt tímabil er ekki á starfstíma skólans. Hún fór einnig yfir gróft kostnaðarmat við opnun í júní.

Skólanefnd þakkar fyrir erindið og biður foreldrafélag Flúðaskóla að taka að sér að kanna þörf foreldra til þess að nýta Skólasel í júní. Ljóst má vera að ekki er hægt að kostnaðarmeta þessa þjónustu, bæði fyrir foreldra og sveitarfélag, fyrr en liggur fyrir hversu margir myndu vilja nýta sér hana.

5. Til upplýsinga/umræðu/ályktunar**a) Úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnings – Skýrsla frá HA**

Lögð fram til upplýsinga skýrsla frá Háskólanum á Akureyri, gerð í desember 2021, fyrir nefnd oddvita og sveitarstjóra. Skýrslan er úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnings.

Skólastjórnendur fóru yfir niðurstöðu skýrslunnar og mat sitt á því sem mætti betur fara. Leggja þarf meiri áherslu á forvarnir og meðferð ásamt greiningar. Þörfin fyrir sálfræðiþjónustu/handleiðslu nemenda er almennt að aukast og myndi gott aðgegni að sálfræðingi hafa mikil og góð geð – og lýðheilsuáhrif.

Skólanefnd tekur undir sjónarmið skólastjórnenda.

b) Skólaþing sveitarfélaga 21. febrúar – 21. mars

Lagður fram til upplýsinga tölvupóstur dags. 9. febrúar sl. og varðar Skólaþing sem fer fram í streymi á tímabilinu 21. febrúar til 21. mars.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.15. Næsti fundur ákveðinn síðar.

Elsa Ingjaldsdóttir,
Jón Bjarnason,
Björgvin Ólafsson,
Jóhanna Lilja Arnardóttir,
Kolbrún Haraldsdóttir,
Halla Gunnarsdóttir,
Margrét Sævarsdóttir.